

Sjóvá – Árshlutauppgjör

2.338 m.kr. hagnaður á fyrstu níu mánuðum ársins 2020

Þriðji ársfjórðungur 2020

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 988 m.kr. (3F 2019*: 865 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 572 m.kr. (3F 2019*: 224 m.kr. tap)
- Hagnaður tímabilsins 1.266 m.kr. (3F 2019: 443 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 1,7% (3F 2019: 0%)
- Samsett hlutfall 83,2% (3F 2019*: 86,5%)

9M 2020 og uppfærðar horfur

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 1.387 m.kr. (9M 2019*: 2.105 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 1.486 m.kr. (9M 2019*: 1.478 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 2.338 m.kr. (9M 2019: 3.044 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 6,4% (9M 2019: 7,8%)
- Samsett hlutfall 92,5% (9M 2019*: 89,2%)
- Uppfærðar horfur fyrir árið 2020 gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 93% (úr 95%) og að hagnaður fyrir skatta verði um 3.600 m.kr. (úr 2.600 m.kr.). Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu er áætluð 7,2% á árinu 2020. Uppfærðar horfur til næstu 12 mánaða (4F 2020 – 3F 2021) gera ráð fyrir að hagnaður fyrir skatta nemi um 3.400 m.kr. (úr 2.400 m.kr.) og að samsett hlutfall verði um 92% (úr 94%). Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu á næstu 12 mánuðum er áætlað 4,3%.
 - Horfur um afkomu taka mið af afkomu af fjárfestingastarfsemi það sem af er ári
 - Við útreikning á ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu er ekki tekið tillit til vaxtatekna af viðskiptakröfum

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Afar ánægjuleg niðurstaða á þriðja ársfjórðungi endurspeglar sterkan rekstur Sjóvár. Hagnaður var góður af bæði váttryggingastarfsemi og fjárfestingastarfsemi en afkoma af váttryggingastarfsemi stendur á bak við tvo þriðju hluta af afkomu þriðja ársfjórðungs og um helming afkomunnar ef litið er til fyrstu níu mánaða ársins. Það verður að teljast gríðarlega sterkt þegar haft er í huga að Sjóvá, eitt tryggingafélagi, felldi í heild sinni niður bifreiðaiðgjöld einstaklinga í maí á þessu ári. Nam sú niðurfelling 650 m.kr.

Það er ánægjulegt að sjá að vöxtur eigin iðgjalda á þriðja ársfjórðungi er rúmlega 3% frá fyrra ári og iðgjöld standa nánast í stað á fyrstu níu mánuði ársins við krefjandi aðstæður. Iðgjaldavöxtur á einstaklingssviði, þrátt fyrir fyrrgreinda niðurfellingu, vegur upp á móti samdrætti í iðgjöldum á fyrirtækjaskilum sem skýrist einna helst af minnkandi umsvifum íslenskrar ferðaþjónustu í kjölfar útbreiðslu Covid-19.

Markvissar aðgerðir síðustu ára hafa bætt váttryggingareksturinn og skilað góðum rekstrarárangri. Þar fer saman góður iðgjaldavöxtur umfram vöxt eigin tjóna en það hefur lengi verið yfirlýst stefna að skila viðunandi arðsemi af váttryggingarekstri félagsins.

Afkoma af fjárfestingastarfsemi var yfir væntingum á fjórðungnum, ávöxtun eignasafnsins var 1,7% og jákvæð afkoma af öllum eignaflokkum og skilaði hlutabréfasafn félagsins 3,3% ávöxtun. Vegna góðrar afkomu og þess að félagið hefur ekki greitt arð á árinu hafa eignir í stýringu vaxið og námu 40,2 milljörðum króna í lok fjórðungsins.

Með afkomu fyrstu 9M í huga og þróun eignamarkaða fram til 28. október þá hafa birtar horfur verið endurskoðaðar og er nú gert ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 93% á árinu 2020 og afkoma fyrir skatta um 3.600 m.kr. Horfur til næstu 12 mánaða eru að samsett hlutfall verði um 92% og afkoma fyrir skatta 3.400 m.kr.

Framsettar horfur taka mið af þjóðhagsspám viðskiptabankanna og spá Seðlabanka Íslands um hagvöxt sem hafa verið gefnar út í haust og gera ráð fyrir viðspyrnu í íslensku efnahagslífi um og upp úr miðju næsta ári.

Samhliða breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu hefur notkun á stafrænum þjónustulausnum félagsins aukist dag frá degi. Vinna við þróun frekari lausna miðar vel áfram og mun afrakstur þeirrar vinnu styðja enn betur við þær áherslur okkar að vera þjónustufyrirtæki í fremstu röð.

Það hefur verið ánægjulegt að fylgast með samhentu liði starfsmanna sinna vinnu sinni að heiman svo vikum skipti á þessu ári. Engir hnökrar hafa verið á þeirri þjónustu og endurspeglar ánægjulegur vöxtur iðgjalda þá staðreynd til viðbótar við nýlegar mælingar á meðal viðskiptavina á váttryggingamarkaði sem sýna að tryggð viðskiptavina okkar eykst og ímynd félagsins er sterk.“

Boðun hluthafafundar

Stjórn ákvað á fundi sínum í dag að boða til hluthafafundar þann 25. nóvember 2020 þar sem borin verður upp tillaga um að ekki verði greiddur út arður á árinu 2020 vegna rekstrarársins 2019.

Beint streymi frá kynningarfundi 29. október kl. 16:15

Kynningu á afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi og fyrstu níu mánuðum ársins verður streymt beint á slóðinni <https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/afkomukynning-3f-2020/>. Í ljósi aðstæðna verður fundurinn ekki opinn fjárfestum og markaðsaðilum en vilji aðilar bera upp spurningar sem tengjast uppgjörinu má senda þær á netfangið fjarfestar@sjova.is á meðan á útsendingu stendur og verður þeim svarað í lok fundarins.

Kynning á uppgjörinu verður aðgengileg á vef Sjóvár www.sjova.is/fjarfestar frá þeim tíma er kynningarfundurinn hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

Fjárhagsdagatal

4F 2020 – 11. febrúar 2021

Aðalfundur 2021 – 12. mars 2021

The News Announcement and Investors' Presentation in English will be available on the website www.sjova.is

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur



	3F 2020	3F 2019*	%	9M 2020	9M 2019*	%
Vátryggingastarfsemi						
Iðgjöld tímabilsins	5.553	5.385	3,1%	15.376	15.402	-0,2%
Hluti endurtryggj. í iðgjaldatekjum	-221	-222	-0,2%	-793	-706	12,2%
Eigin iðgjöld	5.332	5.163	3,3%	14.583	14.695	-0,8%
Fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri	30	111	-73,2%	145	364	-60,3%
Aðrar tekjur	31	29	6,4%	128	149	-13,5%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	5.393	5.304	1,7%	14.856	15.208	-2,3%
Tjón tímabilsins	-3.659	-3.614	1,2%	-11.086	-10.439	6,2%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	151	86	74,9%	547	247	
Eigin tjón	-3.508	-3.528	-0,6%	-10.539	-10.193	3,4%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-897	-911	-1,6%	-2.930	-2.911	0,7%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	-4.404	-4.439	-0,8%	-13.470	-13.104	2,8%
Hagnaður af vátryggingarekstri	988	864	14,3%	1.387	2.105	-34,1%
Fjárfestingastarfsemi						
Fjárfestingatekjur af fjárfestingastarfsemi	717	-6		2.500	2.439	2,5%
Tæknil. vaxta- og gengisbr.vátryggingask.	-36	-135	-73,5%	-610	-695	-12,2%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	-110	-83	32,7%	-404	-267	51,4%
Hagnaður af fjárfestingastarfsemi	572	-224		1.486	1.478	0,5%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.560	640		2.873	3.583	-19,8%
Tekjuskattur	-294	-197	49,2%	-534	-538	-0,7%
Heildarhagnaður tímabilsins	1.266	443		2.338	3.044	-23,2%
Tjónahlutfall	65,9%	67,1%		72,1%	67,8%	
Endurtryggingahlutfall	1,2%	2,5%		1,3%	2,5%	
Kostnaðarhlutfall	16,1%	16,9%		19,1%	18,9%	
Samsett hlutfall	83,2%	86,5%		92,5%	89,2%	
Rekstrarhlutfall	82,4%	84,3%		91,1%	86,7%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundv.	29,2%	11,9%		18,0%	27,3%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundv.	36,0%	17,3%		22,1%	32,2%	
Hagnaður á hlut	0,95	0,32		1,75	2,22	
Niðurstaða endurtrygginga	-67	-133		-206	-388	
Vátryggingaskuld	31.086	28.572		31.086	28.572	
Heildareignir	57.519	51.516		57.519	51.516	
Eigið fé	18.382	15.869		18.382	15.869	
Gjaldþolshlutfall	1,83	1,59		1,83	1,59	
Lágmarksfjármagnshlutfall	4,24	4,06		4,24	4,06	

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir þriðja ársfjórðung 2020 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 29. október 2020. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.